

## AUGLÝSING

### um veitingu leyfa til áætlunarflugs innanlands.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur ráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Austurlands hf., Egilsstöðum, sérleyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á eftirtöldum leiðum innanlands, tímabilið 1. janúar 1985 til 31. desember 1989:

1. Egilsstaðir — Vopnafjörður — Bakkafjörður — Egilsstaðir
2. Egilsstaðir — Borgarfjörður eystri — Egilsstaðir
3. Egilsstaðir — Neskaupstaður — Egilsstaðir
4. Egilsstaðir — Djúpivogur — Höfn — Egilsstaðir

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til áætlunarflugs á umræddum flugleiðum, en jafnframt skylda til að halda þar uppi föstum áætlunarferðum, eftir því sem flutningaþörf krefur að dómi ráðuneytisins.

Enn fremur hefur ráðuneytið í dag veitt sama félagi, til sama tíma, leyfi til áætlunarferða með farþega, vörur og póst, á eftirgreindum flugleiðum án sérleyfis:

1. Egilsstaðir — Neskaupstaður — Akureyri — Neskaupstaður — Egilsstaðir
2. Egilsstaðir — Neskaupstaður — Höfn — Neskaupstaður — Egilsstaðir
3. Egilsstaðir — Höfn — Fagurhólsmýri — Kirkjubæjarklaustur — Reykjavík — Kirkjubæjarklaustur — Fagurhólsmýri — Höfn — Egilsstaðir
4. Egilsstaðir — Breiðdalsvík — Höfn — Breiðdalsvík — Egilsstaðir
5. Egilsstaðir — Breiðdalsvík — Reykjavík — Breiðdalsvík — Egilsstaðir

*Samgönguráðuneytið, 31. desember 1984.*

**Matthías Bjarnason.**

*Birgir Guðjónsson.*

## AUGLÝSING

### um veitingu leyfa til áætlunarflugs innanlands.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur ráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Norðurlands hf., Akureyri, sérleyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á eftirtöldum leiðum innanlands, tímabilið 1. janúar 1985 til 31. desember 1989:

1. Akureyri — Ísafjörður — Akureyri
2. Akureyri — Siglufjörður — Akureyri
3. Akureyri — Grímsey — Akureyri
4. Akureyri — Kópasker — Akureyri
5. Akureyri — Raufarhöfn — Akureyri
6. Akureyri — Þórshöfn — Akureyri
7. Akureyri — Vopnafjörður — Akureyri
8. Akureyri — Egilsstaðir — Akureyri
9. Akureyri — Mývatn — Akureyri
10. Akureyri — Mývatn — Reykjavík — Mývatn — Akureyri
11. Ólafsfjörður — Reykjavík — Ólafsfjörður